

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 424/1985 fyrir Minningarsjóð Ólafíu I. Elíasdóttur og Þórðar V. Marteinsonar.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur af höfuðstól hans.
2. Gjafir.
3. Aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast

Af árlegum tekjum skal leggja minnst 10% við höfuðstól, en að öðru leyti verja þeim til að framkvæma tilgang sjóðsins. Stjórn er heimilt á hverjum tíma að úthluta úr sjóðnum uppsöfnuðu úthlutunarfé. Úthlutunarfé er mismunur tekna og útgjalda, kostnaðar og fjármagnstekjuskatts.

4. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja fötluð börn og unglinga allt að 18 ára aldri. Engin fötlun er undanskilin, hvort sem hún er andleg eða líkamleg, meðfædd eða af völdum slysa.

Eingöngu skal veita úr sjóðnum þeim sem búsettir eru í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Fyrst skal veitt úr sjóðnum eftir 3 ár frá stofndegi.

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Kvenfélagsins SIF, Patreksfirði ásamt Helgu Guðjónsdóttur, Mýrum 4, Patreksfirði, sem er fulltrúi stofnanda í stjórninni og jafnframt að hans ósk formaður sjóðsins. Við fráfall Helgu eða brottflutning af svæðinu, tekur formaður Kvenfélagsins SIF við formennsku í sjóðnum. Leggist starfsemi Kvenfélagsins SIF niður, taki sóknarprestur á Patreksfirði við vörslu sjóðsins og úthluti úr sjóðnum í samstarfi við félagsmálafulltrúa sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhepps.

6. gr. orðist svo:

Sjóðstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skilar þeim endurskoðuðum eins og reglur kveða á um á hverjum tíma.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafíu I. Elíasdóttur og Þórðar V. Marteinsonar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 29. ágúst 2014,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*